

Mál nr. 118/2003

M

og

Vátryggingafélagið V v/áb.tr. Í

Slys þegar maður datt við klifur á klifurvegg þ. 19.1.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.6.2003. ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 460/03
3. Bréf V dags. 30.6.2003 ásamt fylgiskjöllum 1-5

Málsatvik.

M sem er starfsmaður verslunarinnar A féll úr klifurvegg og varð fyrir líkamstjóni. M var umsjónarmaður klifurveggsins og var að undirbúa opnun hans fyrir gesti og var M að klifra upp og var í klifurbelti. Þegar M var kominn í um 6 metra hæð greip hann í festingu sem var laus og missti M takið og féll niður á gólfið. M var ekki búinn að festa tvist í neinn hring á leiðinni upp þannig að það var ekkert sem varnaði honum falli. Verslunarstjóri A sagði að M hefði ekki farið eftir settum reglum í umrætt sinn en þær væru til skriflegar. M segist aldrei festa sig við hring fyrir en hann sé kominn í um það bil þá hæð sem hann var í þegar slysið varð en ástæða þess hafi verið festing hafi snúist og hann misst takið vegna þess. M segist hafa unnið við klifurvegginn í um það bil 5 mánuði áður en slysið varð og sér hafi aldrei verið sýndar skriflegar vinnureglur og ekki hafi verið farið yfir öryggisatriði aðeins hafi verið farið yfir hvernig ætti að binda línuna við beltið og hvernig tvisturinn virkar og hvernig hann á að snúa. Skv. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins þá var framkvæmdastjóri verslunarinnar ekki viss um að til væru skriflegar öryggisreglur en verslunarstjórinn taldi þær vera til en ekki var hægt að framvísa þeim. Skv. skýrslunni var klifurbúnaður í góðu ástandi en ástæður slyssins telur vinnueftirlitið vera að steinn sem átti að vera örugg handfesta reyndist vera laus og því hafi M misst takið á honum og fallið, ekki hafi verið notaður viðeigandi öryggisútbúnaður, þá hafi skriflegar öryggisreglur ekki verið tiltækar og óljóst hvernig öryggisreglur væru kynntar starfsmönnum og enginn hafi gengið eftir því að öryggisreglum væri framfylgt. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V og bendir á að M hafi farið að í umrætt sinn svo sem hann hefði alltaf gert þegar hann klifraði upp vegginn í byrjun dags. Skriflegar öryggisreglur hafi aldrei verið kynntar M og ástæða þess að M hafi fallið hafi verið að festingar voru lausar í veggnum. V hafnar bótaskyldu þar sem að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna vátryggingataka, ófullnægjandi leiðbeiningum og/eða varúðarráðstöfunum eða saknæms vanbúnaðar klifurveggsins. M hafi starfað hjá Í í 5 mánuði áður en slysið varð og hafi honum borið að festa sig með öryggislínu með 1.meters millibili til þess að koma í veg fyrir hrap. V telur að slysið verði rakið til stórkostlegs gáleysis M sem hafi í umrætt sinn og margoft áður að eigin sögn gegn betri vitund stofnað sér í mikla hættu án sýnilegrar ástæðu. Í bréfi V kemur fram að M hafi verið áminntur fyrir glæfraskap og gefur M skýringu á því.

Álit.

M var ljóst að því fylgdi hættu að klifra upp vegginn með þeim hætti sem hann gerði og viðurkennt er af honum að hann hafði fengið áminningu vegna glæfralegs klífurs upp klifurvegginn. Skriflegar leiðbeiningar til starfsmanna um varúðarráðstafanir liggja ekki fyrir þannig að ekkert verður fullyrt um hvaða leiðbeiningar M fékk og hafði fengið á starfstíma

sínum hjá Í. Hvað sem því líður þá vissi M þegar hann klifraði upp vegginn slysdaginn að það var hættu því samfara að gera ekki frekari varúðarráðstafanir en hann gerði í umrætt sinn. Meginorsök þess að slysið varð er samt sem áður að steinn á klifurvegnum sem átti að vera handfesta í var laus og snérist hann og við það missti M takið og féll. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi fengið viðhlítandi leiðbeiningar við klifur á veggnum og ekki liggur fyrir hvaða öryggisreglur hafi gilt fyrir starfsmenn í þessu tilviki svo og það að handfesta er laus þykir rétt að M fái tjón sitt bætt að hálfu en beri helming tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón sitt bætt að hálfu leyti en beri helming tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 22.7. 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.